

## Tímabilið frá 1. janúar til 31. ágúst 1978.

Especial	10/40	.....	kr.	971.00
—	40/60	.....	—	786.00
—	80/120	.....	—	662.00
Miramar	10/40	.....	kr.	790.00
—	40/60	.....	—	579.00
—	60/80	.....	—	541.00
—	80/120	.....	—	479.00
Miradouro	10/40	.....	kr.	616.00
—	40/60	.....	—	527.00
—	60/80	.....	—	489.00
—	80/120	.....	—	451.00

## Tímabilið frá 1. september til 31. desember 1978.

Especial	10/40	.....	kr.	1.140.00
—	40/60	.....	—	922.00
—	80/120	.....	—	777.00
Miramar	10/40	.....	kr.	926.00
—	40/60	.....	—	678.00
—	60/80	.....	—	635.00
—	80/120	.....	—	562.00
Miradouro	10/40	.....	kr.	722.00
—	40/60	.....	—	618.00
—	60/80	.....	—	573.00
—	80/120	.....	—	529.00

Verð þessi eru f. o. b. Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. janúar 1979.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Kristín Magnússon.*

## AUGLÝSING

## um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950 um stjórn flugmála og VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands h.f., Akureyri, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum, tímabilið 16. janúar 1979 til 31. desember 1983.

Akureyri — Siglufjörður — Akureyri  
 Akureyri — Grímsey — Akureyri  
 Akureyri — Kópasker — Akureyri  
 Akureyri — Vopnafjörður — Akureyri

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á téðri flugleið, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

*Samgönguráðuneytið, 16. janúar 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Birgir Guðjónsson.*

## AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík  
o. fl. nr. 137 26. júlí 1971.

### 1. gr.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Fyrir leyfi samkvæmt 4. gr. skal greiða gjald í borgarsjóð kr. 240.000 á ári. Gjaldldagi þess er 15. janúar og 15. júlí ár hvert. Þegar leyfisgjald er greitt fær leyfisskafi greiðsluviðurkenningu, sem geyma ber á sölustað, yfirvöldum til sýnis, ef óskað er.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1938 um samþykktir um lokunartíma sölubúða staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. janúar 1979.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa.

HLUTI J. 9.

Búnaður skipa.

Reglur um legufæri og festar fiskiskipa með mestu lengd  
15 m og minni.

1. Almennt.

- 1.1. Eftirfarandi reglur eiga við fiskiskip með mestu lengd 15 m og minni og opna skráningarskylda fiskibáta, sem hafin er smíði á eftir gildistöku þeirra.
- 1.2. Hvert skip og bátur sem fellur undir þessar reglur skal búinn legufærum og festum skv. meðfylgjandi línuriti.
- 1.3. Legufæri og festar skulu vera af viðurkenndri gerð.